

Föstudagsfundur FFÍ 1. febrúar 2013 kl. 17:00 í Alliance Française.

Dagskrá :

1. **Le concours des lycéens (frönskukeppni menntaskólanema, fyrrverandi Allons en France)**
2. **Sólveig Simha kynnir frönskukennslu fyrir börn**
3. **Önnur mál**

1. Jóhanna greindi frá því að á fundi þ. 10. janúar s.l. hefði stjórnin rætt fyrirkomulag keppinnar og bar fram eftirfarandi tillögu : Þema keppinnar verði « Déclaration d'amour » eins og Eve stakk upp á á síðasta fundi. Sami háttur verður hafður á keppninni og í fyrra, þ.e. að nemendur skila inn myndböndum (myndskeiðum) sem talað verður inn á (eða sungið) og stuttri greinargerð þar sem þeir gera grein fyrir nálgun sinni. Jóhanna mun senda félagsmönnum reglur keppinnar og nánari upplýsingar um framkvæmd hennar fljótlega. Sigurbjörg Gylfadóttir spurði hvort leyfilegt verði að gera glærusýningu (eins og sumir keppendur gerðu í fyrra). Ákveðið var að það yrði leyft svo fremi sem keppendur noti glærusýningu sem þeir hafa gert sjálfir. Einnig var það rætt hvort keppnin ætti líka að vera opin þeim sem hafa dvalið erlendis og/eða eiga franska foreldra og var ákveðið að þeim nemendum yrði einnig heimil þátttaka. Keppnin verður líklega haldin 6. apríl en það verður staðfest síðar. Stjórnin mun velja dómnefnd í samráði við sendiráðið.
2. Sólveig Simha var sérlegur gestur fundarins og sagði frá reynslu sinni af frönskukennslu fyrir börn. Hún hefur kennt börnum frönsku bæði í Alliance française og eins á Laufásborg og í Melaskóla. Börnin eru á ólíkum aldri, allt frá 3 ára til 15 ára í AF, 5 ára á Laufásborg og 9 ára í Melaskóla og aðferðirnar því ólíkar eftir aldurshópum. Í máli hennar kom einnig fram að hún nýtur góðs af reynslu sinni og menntun sem leikari í þessari kennslu og að mikilvægt er að nota kennsluefni sem hæfir bæði aldri nemenda og aðstæðum hverju sinni. Hún lagði líka áherslu á að það er töluverð eftirspurn eftir frönskukennslu fyrir börn og að bæði börnin og foreldrar þeirra eru mjög áhugasöm. Fundarmenn þökkðu Sólveigu fyrir framlag sitt og var hún hvött til þess að skrá sig í félagið og sækja fundi þess þar sem reynsla hennar er mikilvæg fyrir aðra félaga.
3. Jóhanna minnti á að aðalfundur félagsins verður haldinn föstudaginn 8. mars kl. 17 og að 2 stöður væru lausar í stjórninni ; ritari og meðstjórnandi þar sem bæði Sigríður Anna og Eyjólfur hafa setið 5 ár í stjórn.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 18:30.